



# Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

Desember 2006 nr. 145

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Bragi Þorgrímur Ólafsson

bragio@bok.hi.is

## BÓKAVEISLA 12. DESEMBER

Hin árlega bókaveisla Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags verður þriðjudagskvöldið 12. desember næstkomandi. Á fundinum munu höfundar ýmissa bóka af sögulegum toga kynna bækur sínar í stuttu máli. Bækurnar verða kynntar á Gammabrekku þegar nær dregur. Léttar veitingar verða í boði og eru félagsmenn hvattir til að mæta og taka með gesti. Veislan hefst kl. 20.

### BÓKAFUNDUR 30. JANÚAR

Þann 30. janúar verður hinn árlegi bókafundur Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags. Að venju munu fræðimenn fjalla þar um nokkur sagnfræðirit sem komu út fyrir jólin. Höfundar bókanna hafa yfirleitt verið viðstaddir á fundinum og sagt nánar frá verkum sínum. Að þessu sinni verður fjallað um þessar bækur:

Þórunn Erlu Valdimarsdóttir, *Upp á Sigurhæðir. Saga Matthíasar Jochumssonar.*

Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins. Ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi.*

Halldór Guðmundsson, *Skáldalíf. Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri.*

Lýður Björnsson, Guðbjörn Sigurbjörnsson og Þóra Kristjánsdóttir, *Saga Íslands VIII. bindi.*

Bókafundurinn er einn af föstu liðunum í starfi félagsins en slíkir fundir hafa verið haldnir árlega allt frá árinu 1972, en í lok janúar það ár fjallaði sr. Jónas Gíslason um bók Jóns Hnefils Aðalsteinssonar, *Kristnitakan á Íslandi* sem kom út í september 1971.

Bókafundirnir eru því nánast jafngamlir Sagnfræðingafélaginu, en það var stofnaði í september 1971.

### HÁLENDI HUGANS

Níunda landsbyggðarráðstefna Sagnfræðingafélags Íslands og Félags Þjóðfræðinga á Íslandi verður haldin á hinu nýja Heklusetri á Leirubakka í Landssveit í samvinnu við heimamenn helgina **1.-3. júní 2007.**

Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni er *Hálandi hugans* og verður umfjöllunarefnið, eins og titillinn gefur til kynna, hálandi Íslands, sagan, þjóðsögur, nýting og samspil náttúruaflanna og mannsins á þessu svæði.

Þeir, sem vilja halda erindi um þessi þemu á ráðstefnunni, eru hvattir til að leita upplýsinga hjá fulltrúum félaganna í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar og senda drög að erindum til Aðalheiðar Guðmundsdóttur, formanns Félags þjóðfræðinga á Íslandi, á netfangið [adalh@hi.is](mailto:adalh@hi.is) og/eða Guðna Th. Jóhannessonar, formanns Sagnfræðingafélags Íslands, á netfangið [gudnith@hi.is](mailto:gudnith@hi.is). Öll boð um erindi verða tekin til athugunar.

Stefnt er að því að ná hagstæðu verði fyrir gistingu á Leirubakka og rútuferðum frá Reykjavík fyrir þá sem það þurfa. Öll skipulagning verður mun auðveldari, því fyrr sem endanlegt form kemst á ráðstefnuna sjálfa og biðjum við áhugasama þess vegna um að hafa samband **fyrir 20. desember** n.k. (sjá bls. 4).

### MENNING OG MATUR

#### RÁÐSTEFNA SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

Á vormánuðum stefnir Sagnfræðingafélag Íslands að því að standa fyrir ráðstefnu um menningu og mat. Sérstaklega verður horft til árána 1930 – 1990 og þeirra straumhvarfa sem urðu til þess að móta og skapa þá matmenningu sem við njótum í dag. Ráðstefnan verður auglýst nánar síðar.

---

## ÚR STARFI FÉLAGSINS

---

### Ný heimasíða félagsins

Í byrjun september var opnuð ný heimasíða Sagnfræðingafélags Íslands, og er hún á slóðinni [www.sagnfraedingafelag.net](http://www.sagnfraedingafelag.net). Heimasíða félagsins var fyrst opnuð haustið 1999 og var Björgvin Sigurðsson fyrsti vefstjóri hennar. Krístrún Halla Helgadóttir endurnýjaði síðuna svo nokkru síðar. Síðasta vor ákvað stjórn félagsins að taka síðuna til endurskoðunar og var Borgar Þorsteinsson vefhönnuður fenginn til verksins. Nýja heimasíðan er hönnuð með aðgengileika að leiðarljósi og byggir á Wordpress vefumsjónarkerfinu. Á síðunni er að finna upplýsingar um dagskrá félagsins og aðrar fréttir tengdar starfi félagsins, félagatal, lög og siðareglur, eldri fréttabréf á pdf formi, viðburðadagatal, upplýsingar um Gammabrekku, póstlista félagsins og um stjórn félagsins. Þá eru útdrættir úr hádegisfyrirlesturum vetrarins settir inn á síðuna. Loks er hægt að gera orðaleit á síðunni og kalla fram gamlar fréttir.

### Hádegisfundir

Nú fer að líða að lokum hádegisfundarraðarinnar *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir*. Þann 19. desember lýkur Róbert H. Haraldsson heimspekingur röðinni með fyrirlestri sem hann kallar *Sannast sagna: Efasemdir um gildi sannleikans fyrir sagnfræði og hvernig má eyða þeim*. Segja má að fundirnir hafi heppnast vel að venju, enda hafa þeir verið mjög vel sóttir og fengið ágæta umfjöllun í fjölmiðlum og nokkuð verið rætt um þá innan raða sagnfræðinga, t.d. á Gammabrekku.

Breski sagnfræðingurinn Antony Beevor hélt hádegisfyrirlestur í fundarröðinni þann 10. október þar sem hann fjallaði um rannsóknir sínar á Stalíngrád og Berlín í síðari heimsstyrjöld. Ákveðið var að halda þann fund í hátíðarsal Háskóla Íslands í ljósi þess að vænta mátti fjölda manns til að hlýða á Beevor. Sú ákvörðun reyndist heppileg, enda var salurinn fullsetinn og var töluvert fjallað um Beevor og

heimsókn hans í fjölmiðlum. Bókaútgáfan Hólar gaf út í haust bók eftir Beevor, *Fall Berlínar 1945* í þýðingu Jóns Þ. Þórs. Upplýsingar um önnur verk Beevors má finna á [www.antonybeevor.com](http://www.antonybeevor.com)

Á nýju ári verður áfram litið á sagnfræðifagið á hádegisfundunum, en þá með áherslu á miðlun sagnfræðinnar. Sverrir Jakobsson opnar fundarröðina þann 9. janúar með erindinu *Hvort kemur á undan, rannsóknir eða miðlun?* Aðrir fyrirlesarar eftir áramót verða: Súsanna Margrét Gestsdóttir sagnfræðingur, Hannes Hólmsteinn Gissurarson stjórnmálafræðingur, Ómar Ragnarsson fréttamaður, Ágúst Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður, Gísli Sigurðsson íslenskufraðingur, Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur, Ævar Kjartansson útvarpsmaður og svo mun Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra ljúka röðinni þann 8. maí. Áfram verður fundað í fundarsal Þjóðminjasafns og standa fundirnir yfir á milli 12:05-12:55.

### Gagnagrunnsnámskeið

Í byrjun desember lauk námskeiði fyrir sagnfræðinga í Access gagnagrunnsforritinu. Tölvu- og verkfræðipjónustan sá um námskeiðið. Kennslan fór fram tvisvar í viku í þrjár klst. í senn á síðustu þremur vikum. Sjö sagnfræðingar sóttu námskeiðið og sögðu það mjög gagnlegt.

### Rannsóknaræfing

Sagnfræðingafélagið ásamt Félagi íslenskra fræða, ReykjavíkurAkademíunni, Félagi þjóðfræðinga á Íslandi og Íslenska málfræðifélaginu stóð fyrir rannsóknaræfingu sem fór fram í Tunglinu, í húsi Iðu við Lækjargötu þann 4. nóvember síðastliðinn. Rannsóknaræfingin var haldin á lokadegi hugvísindapings. Fjöldi fræðinga skemmti sér fram eftir kvöldi með góðum veitingum, ræðu Ævars Arnar Jósepssonar og veislustjórn Ármanns Jakobssonar. Skemmtiatriði voru flutt og hljómsveitin Bræðrabandið lék fyrir dansi.

---

## MUNIÐ SAGNFRÆÐINGATALIÐ

---

Í september kom út fyrra bindi af ritinu *Íslenskir sagnfræðingar* og hefur það að geyma sagnfræðingatal, sögu Sagnfræðingafélags Íslands, skrá yfir doktora í sagnfræði og skyldum greinum, siðareglur félagsins, lista yfir hádegisfundina frá upphafi og margt fleira.

Margra ára vinna liggur að baki þessu verki og eru félagsmenn eru hvattir til að kaupa eintak, enda gefst þar tækifæri til að kynna sér sögu íslenskra sagnfræðinga og Sagnfræðingafélagsins. Bókin fæst í öllum helstu bókaverslunum og hjá Skruddu, s: 552-8866.

---

## ÚR STARFI FÉLAGSINS

---

### Ályktun um hlerunarmál

Í kjölfar fyrirlestrar Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings um símhleranir í kalda stríðinu á söguþinginu í maí sl., urðu miklar umræður um þau mál eins og allir hafa tekið eftir. Kjartan Ólafsson fv. ritstjóri og aðrir einstaklingar óskuðu eftir aðgangi að gögnum um þessar símhleranir á Þjóðskjalasafni, en höfðu ekki erindi sem erfiði. Mörgum þótti afgreiðsla málsins sérkennileg og urðu miklar umræður um málið, bæði á Gammabrekku og í fjölmiðlum. Af þessu tilefni samþykkti stjórn Sagnfræðingafélags Íslands ályktun þann 20. september:

„Í samræmi við siðareglur félagsins lýsir stjórn Sagnfræðingafélags Íslands furðu sinni á þeim takmörkunum á aðgangi að gögnum um símhleranir í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum landsins undanfarið. Sjálfsgagt er að ákveðnar reglur gildi um aðgang að skjölum af þessu tagi en afar varhugavert er að þær hömlur vegi þyngra en réttur til rannsókna á liðinni tíð, að teknu tilliti til sjálfsgaðra ákvæða um persónuvernd. Einnig eiga einstaklingar, sem hafa rökstuddan grun um að um þá sé fjallað í þeim gögnum sem um ræðir, rétt á því að kanna þau með sömu skilyrðum og aðrir hafa notið. Allir eiga að vera jafnir fyrir lögum og reglum um aðgang að opinberum gögnum.

Fyrir hönd Sagnfræðingafélags Íslands,  
Súsanna Margrét Gestsdóttir.

*Athygli skal vakin á því að þar sem Guðni Th. Jóhannesson, formaður Sagnfræðingafélags Íslands tengist málinu, bæði með því að hafa verið veittur aðgangur að sumum gögnum en synjað um aðgang að öðrum, vék hann af fundi þegar þessi ályktun var samþykkt, í samræmi við eðlilega starfshætti.“*

Í úrskurði menntamálaráðherra 16. október var óskað eftir því að sú ákvörðun safnsins að synja Kjartani Ólafssyni um aðgang að gögnunum yrði endurskoðuð. 23. október ákvað Þjóðskjalavörður að heimila Kjartani takmarkaðan aðgang að gögnunum, og 26. október birti safnið skjöl um símhleranir 1949-1968 á heimasíðu sinni (án persónugreinanlegra upplýsinga).

Þessar upplýsingar er að finna á heimasíðu Þjóðskjalasafns, [www.skjalasafn.is](http://www.skjalasafn.is).

---

## ÁLYKTUN 4. DESEMBER 2006

---

Í nóvember bárust fregnir af því að það stæði til að segja upp nokkrum starfsmönnum Íslendingabókar. Af því tilefni samþykkti stjórn félagsins eftirfarandi ályktun þann 4. desember:

„Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands lýsir þungum áhyggjum af því ástandi sem skapast með uppsögnum starfsmanna Íslendingabókar. Gagnagrunnur Íslendingabókar hefur nýst fræðimönnum á undanförunum árum við rannsóknir og sparað þeim ómælda vinnu. Þá hefur almenningur sótt mikið í grunninn. Meðal þeirra sem láta af störfum á næstu vikum eru tveir sagnfræðingar sem hafa unnið við gerð Íslendingabókar árum saman og hafa við þá vinnu nýtt þekkingu sína og reynslu af gagnrýnni heimildarýni. Trúverðugleiki Íslendingabókar sem heimildar byggir m.a. á traustum faglegum vinnubrögðum allra þeirra starfsmanna sem við hana vinna. Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands óttast að verði slakað á kröfum um fræðileg vinnubrögð með uppsögnum sérfræðinga verði ekki lengur unnt að reiða sig á gagnagrunn Íslendingabókar sem trúverðugt safn heimilda.“

Fyrir hönd Sagnfræðingafélags Íslands,  
Guðni Th. Jóhannesson.

Þess má geta að forgöngumaður Íslendingabókar, Friðrik Skúlason, hefur tvívegis fjallað um gildi gagnagrunnsins fyrir sagn- og ættfræðirannsóknir, í fyrra skiptið á hádegisfundarröðinni *Hvað er heimild* í janúar 2001 („Ættfræði, gagnagrunnar og heimildir“), og í síðara skiptið á aðalfundi Sagnfræðingafélagsins í mars 2003.

Samkvæmt frétt *Morgunblaðsins* 9. nóvember sl. lítur út fyrir að aðeins einn starfsmaður verði starfandi við Íslendingabók í byrjun næsta árs, sem muni þurfa m.a. að skrá upplýsingar úr eldri heimildum, svara fyrirspurnum og uppfæra gagnagrunninn samkvæmt þjóðskrá.

---

## GAMMABREKKA

---

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands er á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

---

## HÁLENDI HUGANS

### LANDSBYGGÐARÁÐSTEFNA SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS OG FÉLAGS ÞJÓÐFRÆÐINGA Á ÍSLANDI

---

Níunda landsbyggðarráðstefna Sagnfræðingafélags Íslands og Félags Þjóðfræðinga á Íslandi verður haldin á hinu nýja [Heklusetri](#) á Leirubakka í Landssveit í samvinnu við heimamenn helgina 1.-3. júní 2007.

Ráðstefnugestir munu gista og funda á hinu fornfræga höfðingjasetri að Leirubakka sem var eitt sinn í eigu ekki ófrægari manna en rithöfundar Íslands, Snorra Sturlusonar og síðar Björns Þorleifssonar hirðstjóra.

Eftir stranga fræðimennsku er ekki verra að svamla í glæsilegri Snorralaug í kvöldsólinni með ægifygru útsýni á Heklu og ræða niðurstöður dagsins við aðra ráðstefnugesti. Þá verður boðið upp á fræðslu- og skemmtiferð um Hekluslóðir. Hér gefst því einstakt tækifæri til að fræðast og treysta vinabönd í góðra vina hópi í faðmi náttúrunnar.

Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni er *Hálandi hugans* og verður umfjöllunarefnið, eins og titillinn gefur til kynna, hálandi Íslands, sagan, þjóðsögur, nýting og samspil náttúruaflanna og mannsins á þessu svæði.

Þeir, sem vilja halda erindi um þessi þemu á ráðstefnunni, eru hvattir til að leita upplýsinga hjá fulltrúum félaganna í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar (sjá upplýsingar að neðan) og senda drög að erindum til Aðalheiðar Guðmundsdóttur formanns Félags Þjóðfræðinga á Íslandi, á netfangið [adalh@hi.is](mailto:adalh@hi.is) og/eða Guðna Th. Jóhannessonar, formanns Sagnfræðingafélags Íslands, á netfangið [gudnith@hi.is](mailto:gudnith@hi.is). Öll boð um erindi verða tekin til athugunar.

Stefnt er að því að ná hagstæðu verði fyrir gistingu á Leirubakka og rútuferðum frá Reykjavík fyrir þá sem það þurfa. Öll skipulagning verður mun auðveldari, því fyrr sem endanlegt form kemst á ráðstefnuna sjálfa og biðjum við áhugasama þess vegna um að hafa samband **fyrir 20. desember** n.k. Undirrituð veita allar nánari upplýsingar.

Guðni Th. Jóhannesson [gudnith@hi.is](mailto:gudnith@hi.is)  
Björk Þorleifsdóttir [bjorkthor@hotmail.com](mailto:bjorkthor@hotmail.com)  
Rósa Þorsteinsdóttir [rosat@hi.is](mailto:rosat@hi.is)  
Aðalheiður Guðmundsdóttir [adalh@hi.is](mailto:adalh@hi.is)  
Íris Ellenberger [iris.ellenberger@gmail.com](mailto:iris.ellenberger@gmail.com)

#### Drög að dagskrá:

##### Föstudagurinn 1. júní

15:00 Brottför með rútu frá Nýja Garði  
17:30-18:00 Skrásetning og fólk kemur sér fyrir  
18:00-19:30 Léttur kvöldverður  
19:30-20:30 Setningarfyrrlestur  
20:30-23:00 Móttaka vegna afhjúpunar minnisvarða um Guðna Jónsson prófessor

##### Laugardagurinn 2. júní

08:00-09:00 Morgunverður  
09:00-10:30 Málstofa I: Hálandið sem hið óþekkt og hættulega: Forynjur, útilegumenn og Hekla sem fordyri helvítis (3x 20 mín fyrirlestrar og umræður)

10:30-11:00 Kaffi

11:00-12:30 Málstofa II: Hálandi=óbyggðir?: Uppblástur, jarðeyðing og breytt landamæri hálandisins í tímans rás (3x 20 mín fyrirlestrar og umræður)

12:30-14:00 Hádegisverður og hlé

14:00-15:30 Málstofa III: Nýting hálandisins frá söguöld til nútíma: Afréttir, ferðamennska, virkjanir og hálandið sem þjóðbraut (3x 20 mín fyrirlestrar og umræður)

15:30-18:00 Fræðsluferð um Hekluslóðir (með kaffi)

20:00-22:00 Hátíðarkvöldverður

##### Sunnudagurinn 3. júní

09:00-10:00 Morgunverður  
10:00-11:30 Málstofa IV: Könnun hálandisins: Frá lærdómsöld til nútíma (3x 20 mín fyrirlestrar og umræður)

11:30-13:30 Hádegisverður

13:30-15:00 Opin málstofa um hálandið  
15:00-15:30 Kaffi  
15:30-17:00 Opin málstofa um hálandið frh.  
18:00-20:30 Rútuferð heim

*Mætum öll!*

---

---

## FRÁ SÖGUFÉLAGI

---

Aðalfundur Sögufélags var haldinn laugardaginn 14. október. Stjórnina skipa nú Anna Agnarsdóttir forseti, Már Jónsson ritari og Krístrún Halla Helgadóttir gjaldkeri. Meðstjórnendur eru Illugi Gunnarsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir, en Erla Hulda Halldórsdóttir og Ólafur Rastrick voru kjörin varamenn. Eftir venjuleg aðalfundarstörf flutti dr. Rósa Magnúsdóttir sagnfræðingur fyrirlesturinn: „Krústsjov í Ameríku: Skilningur Sovétborgara á „friðsamlegri sambúð“ við Bandaríkin árið 1959.“ Rósa lauk doktorsprófi í sagnfræði frá University of North Carolina við Chapel Hill í ágúst síðastliðnum og er nú RANNÍS-styrkþegi hjá Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Var fundurinn vel sóttur.

Nýlega kom út hjá félaginu fjórða ritið í ritröðinni *Smárit Sögufélags*. Bókin ber titilinn *Barnauppeldisins heilaga skylda. Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar* og er eftir Hildi Biering sagnfræðing. Meðal verkefna sem nú er unnið að á vegum félagsins eru *Acta yfirrettarins og extralögþinganna*. Um er að ræða samstarfsverkefni Sögufélags og Þjóðskjalasafns Íslands og sér Björk Ingimundardóttir um útgáfuna.

Í öðru lagi hefur félagið hafið undirbúning að útgáfu ritsins *Æviskrár íslenskra kvenna*, en þar verða æviskrár um 500 kvenna frá upphafi byggðar á Íslandi fram til ársins 2000 skráðar af ýmsum fræðimönnum. Einnig er í undirbúningi bók um innreið nútímans á Íslandi á 19. og 20. öld frá mörgum sjónarhornum. Meðal markmiða er að gera nútímanum skil með aðgengilegum hætti fyrir allt áhugafólk um nútímasögu. Ritstjórar verða Guðmundur Hálfðanarson og Páll Björnsson. Þá er væntanlegt á næsta ári fjórða bindið í ritröðinni *Rit Sögufélags*, en þar er á ferðinni

endurskoðuð þýðing á *Brevis Commentarius de Islandia* eftir Arngrím Jónsson hinn lærða. Loks má nefna bók um alla konunga Íslands frá 1264 til 1944 sem vonast er til að komi út 2008.

### Efni haustheftis Sögu 2006:

Kristín Ástgeirsdóttir, „„Þar sem völdin eru, þar eru konurnar ekki“. Kvinnaráðstefnur og kvennaáratugur Sameinuðu þjóðanna og áhrif þeirra á Íslandi 1975–2005“

Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis. Áfengislöggjöfin 1887–1909“

Guðmundur Jónsson, „Endalok dönsku verslunarinnar á Íslandi“

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, „Íslenskt þjóðerni, álbræðslur og Kýótóbókunin“

Magnús Sveinn Helgason, „Neyslusaga og neysluþekking. Nýtt fræðasvið verður til“

Sigurjón Páll Ísaksson, „Enn um Íslandslýsingu Odds biskups Einarssonar“

Auður Ingvarsdóttir, „Ný tíðindi í fræðunum. Svarpóstur til Sveinbjarnar Rafnssonar“

Einar Laxness „Bergsteinn Jónsson prófessor. In memoriam“

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, „Með augum Íslendingans. Íslenskir gripir á miðaldasýningu Þjóðminjasafns Danmerkur“

### Ritdómar:

*The Awakening of Christianity in Iceland* eftir Steinunni Kristjánsdóttur, *Barokkmeistarinn* eftir Margréti Eggertsdóttur, *Understanding Nationalism* eftir Birgi Hermannsson, *Ég elska þig stormur* eftir Guðjón Friðriksson, *Rætur Íslandsbanka* í ritstjórn Eggerts Þórs Bernharðssonar, *Thorsararnir* eftir Guðmund Magnússon, *Fiskisagan flýgur* eftir Arnþór Gunnarsson og Kristin Benediktsson, og *Kjarval 1885-1972* í ritstjórn Einars Matthíassonar o.fl..

---

## NORRÆNI SKJALADAGURINN

### 2006

Laugardaginn 11. nóvember var norræni skjaladagurinn. Dagurinn var fyrst haldinn árið 2001 og er markmið hans að efla vitund fólks um tilvist og gagnsemi opinberra skjalasafna. Þema dagsins í ár var *Á ferð* þar sem fjallað var um samgöngur í víðum skilningi og voru ýmis skjalasöfn með sýningar af þessu tilefni. Heimasíða dagsins er: [www.skjaladagur.is](http://www.skjaladagur.is).

---

## SAGA

### ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS RITUÐ

Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur í Reykjavík Akadémíunni undirritaði nýlega samning við Alþýðusamband Íslands um að ritstýra og rita hluta af sögu Alþýðusambandsins. Er ætlunin að verkið verði í tveimur bindum og komi þau út saman árið 2011, á 95 ára afmæli sambandsins. Fyrir tíu árum kom út rit þar sem fjallað var um 80 ára sögu ASÍ. (*ASÍ 80 ára*).

---

## DOKTORSVARNIR VIÐ HUGVÍSINDAEILD

---

Þann 25. nóvember varði Sveinn Einarsson doktorsritgerð sína, *A People's Theatre Comes of Age. A Study of the Icelandic Theatre 1860-1920* við Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Andmælendur voru Sveinn Ingvi Egilsson, Trausti Ólafsson og Steve Wilmar frá Trinity College í Dublin. Í tilkynningu um vörðina segir m.a. um efni ritgerðarinnar: „Meginkenning Sveins í þessari ritgerð er sú, að íslenskt leikhús hafi komist miklu fyrr til listræns þroska atvinnumenskunnar en almennt hefur verið talið. Hann skoðar hugtök eins og áhugaleiklist og atvinnuleiklist og kannar hvaða merkingu svipuð hugtök á öðrum tungumálum fela í sér. Í kjölfar þess setur hann upp nokkur viðmiðunarmörk, sem sýna að íslensk leiklist varð ekki atvinnuleikhús á einni nóttu, þegar leikarar og aðrir leikhúsmenn fluttu inn í Þjóðleikhúsið árið 1950 og byrjuðu að sýna þar.“

Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur hefur lagt fram ritin *Fortíðardraummar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi* (2004) og *Sjálfssögur. Minni, minningar og saga* (2005) ásamt umsókn um að þreyta doktorspróf á grundvelli þeirra við Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Á deildarráðsfundi Hugvísindaeildar þann 10. nóvember síðastliðinn lagði deildarforseti, Oddný G. Sverrisdóttir, til að Loftur Guttormsson, prófessor við Kennaraháskólann verði tilnefndur í nefnd til þess að meta hæfi þessara rita og verði jafnframt formaður hennar. Auk Lofts verða Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur og Gunnþórunn Guðmundsdóttir bókmenntafræðingur í nefndinni. Tillaga Oddnýar var samþykkt. Sigurður Gylfi hefur áður lokið doktorsprófi, en það var við Carnegie Mellon háskólann í Bandaríkjunum árið 1993.

---

### NORRÆNA SAGNFRÆÐINGAÞINGIÐ Í REYKJAVÍK 8.– 12. ÁGÚST 2007

---

Landsnefnd sagnfræðinga og samráðsnefnd norrænna sagnfræðinga eru stolt af því að kynna nýja heimasíðu Norræna sagnfræðingaþingsins, sem haldið verður í salarkynnum Háskóla Íslands í Reykjavík, 8.-12. ágúst 2007. Slóðin er: [www.nordisk.hi.is](http://www.nordisk.hi.is)

Fræðileg dagskrá þingsins er að mestu tilbúin og telur hún í það heila 50 málstofur með hartnær 200 fyrirlesurum. Á heimasíðunni má finna yfirlit yfir helstu málstofur og forsvarsmenn þeirra. Undirbúningsnefnd þingsins bærust yfir 100 tillögur að málstofum. Við val og skipulagningu á efni þingsins var norrænt samstarf haft að leiðarljósi en markmið þingsins er að efla og þróa norrænt samstarf í sagnfræði. Ef að líkum lætur geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi á komandi þingi.

*Einar Hreinsson  
Framkvæmdastjóri Norræna sagnfræðinga-  
þingsins 2007*

---

**MUNIÐ NÝJA HEIMASÍÐU FÉLAGSINS:  
WWW.SAGNFRAEDINGAFELAG.NET**

---

---

### NORRÆNA KVENNASÖGUPINGIÐ Í REYKJAVÍK 11.– 14. ÁGÚST 2008

---

Dagana 11.-14. ágúst 2008 verður 9. þing norrænna kvennasögu og kynjasögufraedinga haldið við Háskóla Íslands. Yfirskrift þingsins hefur verið ákveðin „Kyngervi, rými og mörk“ (Gender, Space and Borders).

Undirbúningsnefnd þingsins, sem skipuð er fulltrúum allra Norðurlandanna, leggur áherslu á að rædd verði aðferðafræðileg og þekkingarfræðileg álitamál verði rædd á þinginu, þ.e. þýðing kvenna- og kynjasögurannsókna og hvernig unnt sé að nota kyngervishugtakið á mismunandi tímabil og svæði.

Íslenskir sagnfræðingar og aðrir fræðimenn á sviði kvenna- og kynjasögu eru eindregið hvattir til þess að taka þátt í þinginu. Rétt er að taka fram að undirbúningsnefndin leggur áherslu á að málstofur séu skipulagðar á þann hátt að þær endurspegli rannsóknir frá sem flestum löndum. Skilafrestur á tillögum að málstofum er **31. desember** nk. og eru áhugasöm beðin um að senda þær á netfangið [kona@bok.hi.is](mailto:kona@bok.hi.is) með efnisheitinu „Qhist2008:Proposal.“

Nánari upplýsingar gefa:  
Auður Styrkárðóttir, [audurs@bok.hi.is](mailto:audurs@bok.hi.is),  
Erla Hulda Halldórsdóttir, [ehh@hi.is](mailto:ehh@hi.is),  
Kristín Ástgeirsdóttir, [kristast@hi.is](mailto:kristast@hi.is).

---

## FRÁ BORGARSKJALASAFNI

---

Í hjarta Reykjavíkur í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, er Borgarskjalasafn Reykjavíkur til húsa, en það varðveitir skjöl stofnana Reykjavíkur, auk þess sem það varðveitir skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja. Safnið hefur kynnt sig með sýningum, ráðstefnum, fyrirlestrum og fleiru, en þess má geta að hátt í 400 manns sóttu fyrirlestra þess í febrúar sl. í tengslum við Safnanótt og álíka fjöldi sótti safnið heim á menningarnótt í ágúst. Safnið hefur staðið fyrir sýningum eitt sér eða í samvinnu við aðra, til dæmis nú síðast í samvinnu við Hallgrímkirkju vegna 20 ára vígsluafmæli kirkjunnar, en sú sýning stendur yfir í Tryggvagötu 15. desember til 7. janúar 2007.

Meginverkefni safnsins er þó skjalastjórn fyrirtækja og stofnana borgarinnar og varðveisla skjala þeirra. Safnið er nú að taka í notkun um 600 fm. geymslu sem mun duga næstu árin.

Safnið varðveitir u.þ.b. 7000 hillumetra og bætist stöðugt við fleiri söfn. Á vef safnsins [www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is) eru fjölmargar skrár yfir skjalasöfnin og má þar til dæmis nefna skrá yfir málafsn borgarstjóra, skrá yfir söfn skóla í Reykjavík og prentað efni. Sumir flokkar á safninu hafa fallið í gleymsku á síðustu árum og má þar nefna flokkað úrklippusafn um málefni Reykjavíkur, sem nær meira og minna frá árinu 1953 til 1998 og sumir flokkar lengur. Þar eru flokkar eins og skipulagsmál, lögreglumál, götur og vegir, og geta þeir oft verið lykill að því að finna efni til frekari rannsókna.

Á síðustu árum hefur Borgarskjalasafn fengið mörg athygliverð söfn til varðveislu:

### Lögreglan í Reykjavík

Skjöl Lögreglunnar í Reykjavík fram til 1972 hafa verið afhent Borgarskjalasafni til varðveislu. Um er að ræða rúmlega 55 hillumetra eða yfir 500 öskjur og eru í safninu bréf og bréfabækur, sjóðbækur, dagbækur umferðarlögreglu og hraðamælingar, dagbækur fangelsa, nætureftirlitið og þjófavakt svo eitthvað sé nefnt. Einnig skýrslur lögreglu af ýmsum atburðum, skýrslur um umferðarslys, skýrslur varðandi bifreiðar og matsgerðir, dvalar- og atvinnuleyfi, landgönguskýrslur, farþegalistar o.fl. Stór hluti þessara skjala hefur verið óaðgengilegur fræðimönnum fram að þessu. Drög að skjalaskrá safnsins er að finna á vef Borgarskjalasafns.

### Byggingarfélag alþýðu

Skjalasafn Byggingarfélags alþýðu eru merkar heimildir um upphaf og þróun félagslegra íbúða í borginni. Safnið er um 50 öskjur og inniheldur m.a. fundargerðir félagsins frá upphafi auk bréfa og málafsn. Einnig ársreikninga, rekstrar- og efnahagsreikninga, viðskiptamannabækur og lista yfir einstakar íbúðir og eigendur þeirra o.fl.

### Námsflokkar Reykjavíkur

Skjalasafn Námsflokka Reykjavíkur barst í fyrra þegar þeir voru lagðir niður en þá höfðu þeir starfað óslitið frá árinu 1939. Þetta er gríðar efnismikið og heillegt safn, alls um 40 hillumetra. Í því eru fundargerðir, bréfa- og málafsn, skýrslur um námsflokkanna og um starfsemi þeirra, stundatöflur, nemenda-spjaldskrár o.fl.

### Samtökin '78 (1975-2003)

Skjalasafn Samtakanna '78 var fært Borgarskjalasafni Reykjavíkur á afmæli þess 2004. Safnið er heilstætt frá 1975-2003 og hefur að geyma ómetanlegar heimildir um réttindabaráttu samkynhneigðra á Íslandi. Meðal skjalaflokka má nefna fundargerðabækur, bréfa- og málafsn og skjöl er varða erlend samskipti auk upplýsinga- og fréttabréfa.

### Einkaskjalasafn Njáls Guðmundssonar byggingarfræðings

Skjalasafnið samanstendur af persónulegum skjölum Njáls og skjölum frá teiknistofu Njáls og verktakastarfsemi, m.a. húsateikningar. Skjölin ná frá 1903-2004.

### Ellingsen

Vorið 2006 fékk Borgarskjalasafn Reykjavíkur afhent skjalasafn verzlunar Ellingsens. Safnið er heillegt og nær allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1916.

Fjölmörg önnur merk söfn mætti nefna en hér er látið staðar numið. Sagnfræðingar og aðrir fræðimenn eru hvattir til að skoða skjalaskrár safnsins og líta við á lesstofu safnsins þar sem örugglega verður tekið vel á móti þeim, en lesstofan er til húsa á 3ju hæð Tryggvagötu 15 og er opin virka daga kl. 10 til 16. Netfang safnsins fyrir fyrirspurnir er:

[borgarskjalasafn@reykjavik.is](mailto:borgarskjalasafn@reykjavik.is)

Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður

---

---

## FLEIRI DAGBLÖÐ Á WWW.TIMARIT.IS

---

Flestir sagnfræðingar sem vinna með sögu 19. og 20. aldar þekkja eflaust til vefsins *Tímarit.is*, en þar eru að finna stafrænar myndir af flestum blöðum og tímaritum sem gefin hafa verið út á Íslandi frá upphafi (1773) og fram eftir 20. öld.

Fyrir nokkrum árum tókust samningar á milli Árvakurs og Landsbókasafns þess efnis að safnið myndaði *Morgunblaðið* frá upphafi og fram til okkar daga. Óhætt er að segja að verkefnið hafi fengið góðar viðtökur hjá sagnfræðingum, en þó var bent á að þörf væri að fá önnur dagblöð á vefinn á sama hátt og *Morgunblaðið*, í því skyni að fá fleiri sjónarhorn á fréttir fortíðarinnar.

Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn hefur nú fengið styrk frá 365-prentmiðlum til að hefja myndatöku á *DV*, *Dagblaðinu* og *Vísi*. Þá hefur meirihluti fjárlaganefndar lagt til að safnið fái einnig 12 milljóna króna fjárveitingu á ári í þrjú ár til að vinna að þessu verkefni. Í álitni nefndarinnar segir:

„Gerð er tillaga um að veita Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 12 m.kr. á ári í þrjú ár til að setja dagblöð á stafrænt form.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að setja *Morgunblaðið* á stafrænt form með styrk frá Árvakri. *Lögberg-Heimskringla* hefur verið mynduð fyrir styrk frá menntamálaráðuneyti og nú hefur safnið fengið styrk frá 365-prentmiðlum til að hefja myndatöku á *DV*, *Dagblaðinu* og *Vísi*. Mikil slagsíða er á því dagblaðaeefni sem nú er aðgengilegt og telur safnið óásættanlegt að einungis hluti af íslenskum dagblöðum sé aðgengilegur í stafrænu formi. Til að bæta úr þessu hafa Landsbókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri reynt að afla því stuðnings að *Alþýðublaðið*, *Dagur*, *Tíminn* og *Þjóðviljinn* verði einnig sett á stafrænt form. Landsbókasafnið leggur til myndavél, tengingar milli safnanna, þjálfun starfsmanna og forritunarvinnu.“ (133. löggjafarþing, 1. mál, þingskjal 421. [www.althingi.is](http://www.althingi.is))

Þessar fréttir hljóta að teljast fagnaðarefni fyrir sagnfræðinga sem vinna að rannsóknum á sögu 20. aldar.

Á [www.timarit.is](http://www.timarit.is) eru nú 957.000 síður af íslenskum dagblöðum og tímaritum.

---

## UPPFÆRSLUR Á GAGNASÖFNUM Á SÖGUSLÓÐUM

---

Nýlega var lokið við að uppfæra tvö gagnasöfn á vefnum *Söguslóðir* ([www.soguslodir.hi.is](http://www.soguslodir.hi.is)). Annað þeirra er *Íslandssaga í greinum* en þar hefur verið bætt við efni sem kom út á árunum 2001-2005 og jafnframt bætt við ýmsum eldri greinum sem áður vantaði í safnið. Þá hefur útliti verið lítillega breytt. Í gagnasafninu eru nú um 13.500 færslur, aðallega tímaritsgreinar um sagnfræðileg efni, sem eru yfirleitt ekki skráðar í Gegni.

Hitt gagnasafnið er *Lokaritgerðir í sagnfræði* sem uppfært er svo til árlega og nær nú til ársloka 2005. Í það eru skráðar lokaritgerðir í sagnfræði (BA/cand.mag/MA) allt frá 1952. Í þessu gagnasafni eru nú um 770 færslur og hefur safnið þann kost fram yfir Gegni að ritgerðir eru tíma- og efnisflokkaðar, auk þess sem hægt er að framkvæmda orðaleit í því.

---

*Fréttabréf Sagnfræðingafélagsins er prentað hjá Fjölrítunarstofu Daníels Halldórssonar.*

*Efni í fréttabréfið má senda á [bragio@bok.hi.is](mailto:bragio@bok.hi.is)*

---

Slóð gagnasafnanna er:

*Íslandssaga í greinum:*

<http://www.hugvis.hi.is/ritaskra/>

*Lokaritgerðir í sagnfræði:*

<http://www.hugvis.hi.is/ritgerdir/>

Ef félagsmenn hafa í sínum fórum eða vita af heimildasöfnum sem eiga erindi á Söguslóðir eru þeir beðnir að hafa samband við Guðmund Jónsson, umsjónarmann *Söguslóða*, [gudmjons@hi.is](mailto:gudmjons@hi.is)

Sagnfræðingar eru hvattir til að kynna sér þessi gagnasöfn svo og aðra grunna sem eru að finna á *Söguslóðum*.

Guðmundur Jónsson

---

**Áframsendið ekki!**

Sagnfræðingafélag Íslands  
Hringbraut 121, 107 Reykjavík

---